

Miðvikudaginn 12. nóvember 1958.

Nr. 26/1958. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn

Svani Jónssyni (Lárus Jóhannesson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur
Jóhannesson.

Fiskveiðibrot. Hvatning til rangs framburðar fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, er héraðs-dómur var upp kveðinn.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða fyrir fisk-veiðibrot það, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá verður ákærða og dæmt að greiða allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verj-anda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði 5000 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera órask-aður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. september 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 10. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrassyni sem dómsformanni ásamt samdómsmönnum Péttri Björnssyni og Jónasi Jónassyni, skipstjórum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3420/1957: Ákærvaldið gegn Svani Jónssyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 5. september s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 19. september 1956, er Svanur Jónsson skipstjóri, til heimilis í Skaptahlíð 40, hér í bænum, ákærður fyrir að vera á veiðum á v.b. Hilmi, GK. 88, með dragnót 17. júlí s.l. og fram á aðfaranótt 18. júlí s.l. við Reykjanes innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 1952, sbr. lög nr. 44 1948. Brot ákærða þykja varða við reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland nr. 21 1952, 1. gr., sbr. 5. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 45 1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31 1951.

Með framhaldsákæruskjali, dagsettu 9. maí 1957, er hann enn fremur ákærður fyrir að fá þá Rafn Reyni Bjarnason og Óskar Svan Gíslason til að bera rangt í rétti í rannsókn á fiskveiðibroti ákærða til þess að leyna brotinu.

Þykir brot þetta varða við 142. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framansögðu, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna, til að þola upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Hafnahreppi 28. ágúst 1923. Hann hefur áður sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- | | | |
|------|-------|---|
| 1946 | 26/3 | Keflavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir. |
| 1948 | 9/1 | Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga. |
| 1950 | 12/9 | Reykjavík. Dómur 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. |
| 1951 | 6/2 | Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt, 575 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki. |
| 1953 | 10/12 | Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga. |
| 1954 | 20/7 | Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 18. júlí 1956 var varðskipið Óðinn í gæzluferð suður með Hafnabergi. Kl. 01.10 sást grunsamlegur ljóslaus bátur á Sandvík vestan við Reykjanes. Var þá þegar haldið í áttina til hans. Báturinn stefndi inn í vikina upp undir land, sneri þar við, en hélt síðan suður á bóginn. Var haldið með fullri ferð á eftir bátnum og að honum skotið tveimur lausum skotum og stöðvaði hann þá. Reyndist þetta vera dragnótabáturinn Hilmir, GK. 88, skipstjóri Svanur Jónsson, ákærði í máli þessu. Engin veiðarfæri voru sjáanleg á þilfari bátsins, en þegar skipstjóri var inntur eftir því, hvernig á því stæði, að hann væri þarna við landsteina veiðarfæralaus, svaraði hann því til, að hann hefði misst dragnót sína vegna bilunar á dragnótarvindu utan fiskveiðitakmarkanna suður af Reykjanesi. Var þá haldið á Sandvík, en þar kom ákærði í varðskipið til frekari yfirheyrzlu. Honum var bent á það, að hann væri grunaður um fiskveiðabrot, en hann neitaði því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Varðskipsmenn athuguðu nú lestar v.b. Hilmis og fundu þar nokkuð af fiski, óaðgerðum og óblóðguðum, sýnilega nýveiddum, þótt dauður væri. Ákærði kvað vindu bátsins hafa bilað í drætti milli klukkan 2200 og 2300 áður um kvöldið, er hann var að veiðum utan fiskveiðitakmarkanna. Hann hefði farið inn á Sandvík til þess að gera við vinduna, því væri nú lokið og væri hann nú á leið út aftur til þess að finna nótina. Varðskipsmenn veittu ákærða kost á því að finna nótina, og fylgdist varðskipið með bát ákærða á meðan hann leitaði nótarinnar með slæðara. Gerðu varðskipsmenn staðarákvarðanir meðan leit fór fram, en ákærði fór aldrei út fyrir fiskveiðitakmörkin í leit sinni. Kvaðst hann þó fullviss, að hann hefði misst voðina á því svæði, er hann leitaði. „Leitaði“ ákærði síðan í rúmlega 10 klukkustundir, en án árangurs. Var ákærða þá gefin skipun um að fylgjast með varðskipinu á Sandvík á þann stað, er varðskipsmenn urðu varir ferða hans fyrst um nóttina. Slæddu varðskipsmenn þar og fundu brátt dragnót með dragnótastrengjum, sem sýnilega höfðu ekki slitnað frá skipi, heldur verið sleppt með vilja. Var þar í lifandi fiskur. Nótin fannst 0,5 sjómílu frá landi. Ákærði neitaði því, að þar væri um nót v. b. Hilmis að ræða. Ákærða var nú tilkynnt, að hann yrði færður til Reykjavíkur til dómsrannsókna.

Við dómsrannsókn, sem hófst þegar næsta dag, bar ákærði svo og skipverjar hans, þeir Óskar Svan Gíslason og Rafn Reynir

Bjarnason, sem þó náðist ekki til fyrr en degi síðar, allir á sama veg og ákærði áður hjá varðskipsmönnum. Þeir héldu því fram, að þeir hefðu verið að veiðum utan fiskveiðitakmarkanna suður af Reykjanesi. Þeir hefðu verið búnir að kasta einu sinni um kvöldið, en hvert kast tekur $1\frac{1}{2}$ — $1\frac{1}{2}$ klukkustund, að þeirra sögn. Í öðru kastinu hafi þeir misst nótina vegna bilunar í spili rétt eftir að byrjað var að draga. Þeir hafi síðan viðstöðulaust og án þess að reyna að ná voðinni siglt til lands, Rafn Reynir farið í koju, ekki skeytt um að blóðga eða gera að aflanum, heldur haldið á Sandvík. Þar kveðst ákærði hafa gert við pall í spilinu og síðan haldið á brott aftur til þess að leita nótarinnar. Sjómenn úr Höfnum, sem verið höfðu að veiðum á trillum sínum miðvikudaginn 18. júlí, voru kvaddir til vættis í málinu. Báru þeir, að v.b. Hilmir hefði verið á Sandvík hreyfingarlaus um kvöldið klukkan að ganga níu. Vél Hilmis er með glóðarhaus, sem þarf að hita fyrir gangsetningu. Ganghraði bátsins að sögn ákærða var 7— $7\frac{1}{2}$ sjómíla, miðað við klukkustund. Dómkvaddir skoðunarmenn töldu, að engin bilun hefði orðið á spilinu og engin merki þess, að viðgerð hefði farið fram á því. Engu að síður hélt ákærði og skipverjar hans, sem mættu sem vitni í málinu, fast við framburði sína.

Í þinghaldinu hinn 15. og 18. marz s.l. viðurkenndu vitnin og ákærði þó, að þau hefðu skýrt rangt frá staðreyndum og ákærði viðurkenndi að hafa verið að dragnótaveiðum í landhelgi á Sandvík á þeim stað, sem varðskipið sá þá fyrst og nótin fannst síðan á, enda hefðu þeir sleppt nótinni viljandi, til þess að komast hjá því að verða staðnir að ólöglegum veiðum.

Brot ákærða að þessu leyti er því rétt lýst í ákæruskjalinu og það fært til réttra lagaboða.

II.

Við rannsókn framanritaðs máls mættu vitnin Óskar Svan Gíslason, til heimilis á Grundarstíg 2, og Rafn Reynir Bjarnason, Framnesvegi 13, skipverjar á v.b. Hilmi. Þau voru rækilega brýnd á vitnaskyldunni. Engu að síður gáfu þau skýrslu fyrir dóminum um ferðir bátsins og athafnir alveg á sama veg og ákærði eða eins og lýst hefur verið hér að framan. Þrátt fyrir það, að dómurinn benti þeim á, að skýringar þeirra fengju naumast staðizt vegna staðreynda þeirra, er fram væru komnar í málinu, enda voru framburðir þeirra með ólíkindum, héldu vitni

þessi fast við framburði sína og kváðust reiðubúnir að staðfesta þá með eiði.

Eftir að ákæruskjal var gefið út, drógst það um nokkurn tíma, að það væri birt, enda mun ákærði þá ekki hafa verið í bænum. Dómurinn taldi og rétt að freista þess að frekara samræmi fengist í framburðum vitna, áður en dómur væri lagður á málið. Hinn 15. marz s.l. kom vitnið Rafn Reynir aftur fyrir dóminn. Skýrði vitnið þá frá því, að það hefði áður skýrt rangt frá fyrir dómnum. Sannleikurinn í málinu væri sá, að voð sú, er varðskipsmenn fundu í umrætt skipti, hafi verið þeirra voð og að þeir hefðu verið að dragnótaveiðum á þeim slóðum, er voðinn fannst, er varðskipið kom fyrst á vettvang, en voðinni hafi verið sleppt til þess að freista þess að komast hjá því að verða staðnir að broti og teknir fyrir það.

Skýrði vitni þetta jafnframt frá því, að áður en þingað hafi verið í máli þessu, hafi ákærði skýrt vitninu og vitninu Óskari Svan frá því, hvað það ætlaði að segja um ferðir þeirra, og þá jafnframt beðið þá um að skýra á sama veg frá, ef þeir yrðu kvaddir fyrir dóm. Vitnið kveðst þá þegar hafa sagt ákærða að það vildi ekki haga sér þannig og vildi ekki standa í slíku. Hafi ákærði þá brugðizt reiður reiður við, og spurt vitnið, hvort það ætlaði að fara bera á móti ákærða. Kveðst vitnið hafa verið mótfallinn því að skýra rangt frá fyrir dómnum, en kveðst þó á hinn bóginn hafa verið háð kærða með atvinnuna og kveðst því hafa verið jafnilla við að skýra rétt frá, með því að það yrði til þess að sakfella ákærða. Kveðst vitnið hafa reynt að koma sér hjá að mæta fyrir dómnum, með því að koma ekkert heim daginn, sem þingað var í málinu, en áður en hann fengi boð um að mæta þar. En dómurinn vottar, að ástæðan fyrir því, að vitni þetta kom eigi fyrir dóm um leið og skipsfélagar þess, hafi verið sú, að ekki hafi náðzt til þess til að kveðja það fyrir dóminn, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Eftir að ákærði og vitnið Óskar Svan höfðu mætt fyrir dómnum, fóru þeir um kvöldið heim til vitnisins Rafns Reynis. Segir vitnið, að þeir hafi þá skýrt því nákvæmlega frá því, hvað þeir hefðu sagt fyrir dómnum og jafnframt brýnt það á því að haga framburði sínum til samræmis þar við og hafi ákærði þá sagt, að ef vitnið og Óskar Svan stæðu ekki fast með honum, yrði hann sektaður.

Kveðst vitnið fyrir þrábeiðni ákærða hafa skýrt upphaflega

frá, svo sem raun varð á, og kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem þetta gæti haft fyrir hann. Kveðst vitnið hafa verið í uppnámi og í hálfgerðri leiðslu, er það mætti í dóminum og það hafi þá ekki gert sér fulla grein fyrir mikilvægi framburðar síns, þrátt fyrir aðvaranir dómsins. Kveðst vitnið hafa iðrazt tiltækis síns, sem það segir eingöngu hafa verið gert til þess að forða ákærða frá refsingu og fyrir þrábeiðni hans.

Í þinghaldi 18. marz skýrir ákærði frá því, að hann og skipverjar hans hafi skýrt rangt frá atvikum í fyrri þinghöldum og viðurkenndi þá fiskveiðabrot sitt. Hann var um það spurður, hvers vegna þeir hefðu allir skýrt frá ferðum þeirra svo sem raun varð á. Kvaðst hann ekki geta gefið á því neina skýringu og ekki geta sagt um það nákvæmlega, hvenær ákveðið var að skýra þannig frá. Hins vegar sagði hann, að þeir hefðu allir verið sammála um að skýra frá atvikum á þann veg, er þeir gerðu, þar sem þeir hafi séð fyrir, að ella yrði ákærði sektaður. Ákærði staðhæfir þó, að hann hafi á engan hátt reynt að hafa áhrif á skipfélaga sína í þá átt, að þeir höguðu framburðum sínum á sama hátt og hann. Hitt segir ákærði að sé rétt, að hann hafi sagt skipverjum sínum, að hann ætlaði sér aldrei að meðganga brotið, en halda fast við þá skýrslu, sem hann hafði gefið yfirmönnum varðsupsins og vera megi, að hann hafi skýrt þeim á hvern hátt hann hafi skýrt ferðir þeirra hjá varðsupsmönnunum, en ákærði neitaði því að hafa beðið skipverja sína eða skipað þeim að haga framburðum sínum á einn eða annan máta. Aðspurður tók ákærði fram, að Rafn Reynir hafi neitað því að mæta fyrir dóminum til þess að bera vitni og viðurkennir jafnframt, að það sé rétt, að hann, þ. e. ákærði, hafi komið heim til Rafns kvöldið áður en vitnið mætti í dóminum, en eingöngu til þess að skýra vitninu frá því, að það yrði að mæta fyrir dóminum eins og þeir hinir, en ekki gefið vitninu nein fyrirmæli um það, hvernig það skyldi haga framburði sínum. Þeir ákærði og Óskar Svan hafi þá í aðalatriðum skýrt vitninu frá því, hvernig þinghaldið hafi farið fram, hvernig spurt hafi verið og hverju þeir hafi svarað. Kveðst ákærði þá hafa sagt vitninu, að það skyldi ekkert vera hrætt við að mæta fyrir dóminum, því hvernig svo sem allt færi, þá yrði það ákærði, sem yrði sektaður, ef illa tækist til, en aldrei vitnið, þar sem það væri aðeins háseti á bátnum.

Við sampröfun vitnisins og ákærða tók vitnið fram, að ákærði

hafi aldrei beðið sig berum orðum um að haga framburði sínum svo sem raun varð á. Ákærði hafi bent honum á, að hann væri skyldugur að mæta. Kveðst ákærði þá hafa sagt vitninu sem fyrr segir, að vitnið gæti verið óhrætt, því að það væri einungis ákærði, sem gæti fengið sekt eða farið í fangelsi vegna brotsins, en ekki vitnið. Hann neitar því að hafa sagt vitninu, hvernig það skyldi haga framburði sínum. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa getað skoðað heimsókn þeirra ákærða og Óskars Svans á annan veg en þann, að þeir ætluðust til að hann hagaði framburði sínum á sama veg og þeir, enda hefðu þeir skýrt vitninu nákvæmlega frá þinghaldinu og segir vitnið, að sér hafi skilizt á þeim, að nauðsynlegt væri, að framburður þess væri í samræmi við framburð ákærða og Óskars, ef þeir ættu ekki að lenda í slæmri klípu. Um þetta atriði sagði ákærði í sama þinghaldi, að hér væri ekki um neitt óvanalegt atriði að ræða, heldur væri það algengt og mannlegt, að skipverjar geri það, sem þeir telji sér fært að komast hjá því að haga framburði sínum þannig, að það geti orðið skipstjóra þeirra til sakfellingar.

Vitnið Óskar Svan segir, að ákærði hafi að vísu aldrei beðið þá Rafn Reyni berum orðum um að skýra rangt frá fyrir dóm-inum, svo sem þeir gerðu, hins vegar hafi hann þegar lýst því yfir, að hann myndi aldrei viðurkenna brot sitt og hann jafn-framt skýrt frá því, á hvern hátt hann mundi sjálfur haga fram-burði sínum, og kveðst vitni þetta ekki hafa getað skilið þessar yyfirlýsingar ákærða á annan veg en þann, að með því væri hann að gefa í skyn, að hann vildi, að þeir skipverjar hans skýrðu á sama veg frá atvikum. Segir vitnið þó, að aðalástæð-an fyrir því, að það skýrði sjálft rangt frá atvikum hafi verið sú, að með því vildi það forða ákærða frá refsingu og hafi það ef til vill ráðið nokkru um, að því hafi fundizt það nokkuð sam-sekt ákærða, þar sem það var með ákærða, er hann framdi fisk-veiðibrotið.

Kveðst vitnið ekki hafa gert sér fulla grein fyrir þeim afleið-ingum, sem brotið gæti haft haft fyrir það sjálft, enda bjóst vitnið við því, að með því yrði hægt að komast hjá sakfellingu yfir ákærða með framburðum þeirra og það yrði ekki talið sannað, að þeir hefðu borið rangt fyrir dóm-inum.

Þegar virt eru framanskráð atriði, er ljóst, að ákærði hafði fulla ástæðu til að ætla, að skipverjar hans fyndu til nokkurrar samsektar með honum vegna hinna ólöglegu fiskveiða og að þeir óskuðu þess, að hann yrði ekki staðinn að veiðum eða sak-

felldur fyrir þær. Ákærða mátti einnig vera það ljóst sem yfirmanni vitnanna, að hann gæti haft áhrif á þau í því skyni að leyna broti hans. Yfirlýsing ákærða, að hann myndi aldrei játa sök sína, frásögn hans við skipverja sína um það, á hvern hátt hann hefði skýrt ferðir sínar hjá varðskipsmönnum og yfirlýsing hans um, að hann myndi halda fast við þá skýringu fyrir dómi, heimsókn ákærða til vitnisins Rafns Reynis kvöldið áður en það vitni mætti í dómnum, skýringar hans við vitnið á því, hvernig þinghald hefði fram farið, hvernig spurt hefði verið og hver svör hann hafi gefið við þeim spurningum, svo og sú staðhæfing hans við vitni þetta, að hvernig svo sem allt færi, þá yrði það bara hann, sem yrði sektaður eða fangelsaður, ef illa tækist til, en aldrei vitnið, eru staðreyndir, sem ótvírætt benda til þess, að sá hafi verið vilji ákærða, að skipverjar hans höguðu sínum framburði í dómnum á sama veg og hann sjálfur gerði svo og, að ákærði hafi á þennan máta haft þau áhrif á vitnið og þó sérstaklega á vitnið Rafn Reyni, að þau skýrðu rangt frá atvikum fyrir dómi til þess að reyna að koma í veg fyrir að ákærði yrði sakfelldur. Þegar þar að auki er virt sú staðhæfing ákærða, að þeir skipsfélagar hafi allir verið sammála um að skýra svo frá sem þeir gerðu, þá þykir hann með hlutdeild í því samkomulagi ótvírætt hafa sýnt vilja sinn til þess, að skipverjar hans fremdu brotið og hlutdeild hans í samkomulaginu einnig verið þeim hvatning til að fremja brotið.

Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu fengið vitnin Rafn Reyni Bjarnason og Óskar Svan Gíslason til þess að bera rangt fyrir dómnum við rannsókn á fiskveiðibroti því, er greinir í I hér að framan, og varðar sú háttsemi ákærða við 1. mgr. 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

III.

Gullgildi íslenzku krónunnar er hið sama í dag og hinn 19. júlí 1956, þannig að 738.95 papppírskrónur jafngilda 100 gullkrónum. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og samkvæmt 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, að því er brot á síðast nefndum lagagreinum varðar, en auk þess ber að dæma ákærða samkvæmt 5. gr. reglugerðar um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög 44/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1937 sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951, til 3.700 króna

sektar til Fiskveiðasjóðs Íslands, og þykir vararefsing sektarinnar með hliðsjón af 2. mgr. 54. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 ber að gera upptæk til Fiskveiðasjóðs Íslands veiðarfæri v.b. Hilmis, þau, sem varðskipið Óðinn fann miðvikudaginn 18. júlí 1956 kl. 20.20 í Sandvík á Reykjanesi, svo og afla þann, er var um borð í v.b. Hilmi, er varðskipið tók bátinn í umrætt sinn.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði auk þess 3.700 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti hann í stað sektarinnar fangelsi í 20 daga.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Afli og veiðarfæri v.b. Hilmis, þau er hann var með hinn 18. júlí 1956, skulu upptæk ger til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.